

Rýmingaráætlun Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Brunaviðvörunarkerfi Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er beintengt við Securitas og ef að kerfið fer í gang þá hafa þeir samband við:



Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

Ánægja Ábyrgð Árangur

1. Aðstoðarskólastjóra

3. Aðstoðartónlistarskólastjóra

1. Ef brunaviðvörunarkerfi skólans fer í gang skulu starfsmenn skólans sem ekki eru bundnir yfir nemendum mæta í aðalinngang skólans. Þar er lesið af kerfinu, til vinstri á vegg við útidyr, hvaðan viðvörunarboð koma.
2. Starfsmenn sem eru með nemendum bera ábyrgð á sínum bekk/hóp og hugsa eingöngu um þá. Nauðsynlegt er að allar aðgerðir séu framkvæmdar á rólegan og yfirvegaðan hátt til að forðast ótta og skipulagsleysi. Starfsmaður hugar að flóttaleið og velur auðveldustu leið út strax. Börnin haldi hvert í annað og gangi þannig í röð út.
3. Strax skal hringja í 112 og tilkynna um ástand og halda sambandi við neyðarlínu (skólastjóri/staðgengill). Hann/ hún er tengiliður við björgunaraðila.
4. Ef starfsmaður getur ekki slökkt eld strax með slökkvitæki eða brunaslöngu skal hann loka því rými sem eldur er laus í til að hindra útbreiðslu á reyk.
5. Skráningaraðili (aðstoðarskólastjóri/aðstoðartónlistarskólastjóri) skal staðsettur úti á söfnunarsvæði og taka við upplýsingum um fjölda barna frá kennara sem kemur út með sinn bekk. Hann kemur upplýsingum til tengiliðs við björgunaraðila.
6. Starfsmenn GF sjá um að rýma skólann sem hér segir:
 - a) Ritari athugar salerni á gangi, bókasafn, skólasel og heimilisfræðistofu og fylgir nemendum sem þar eru út um næstu greiðu flóttaleið.
 - b) Skólaliði athugar salerni og fylgir þeim nemendum út um næstu greiðu flóttaleið.
 - c) Starfsmenn tónlistarskóla GF athuga gang við skrifstofur, eyju og sal og fylgja nemendum sem þar eru út um næstu greiðu flóttaleið.
7. Þegar komið er út úr skólanum fara allir í raðir á skólavellinum þar sem skráning fer fram. Ef reyk leggur yfir völinn, fara allir niður fyrir skólann og á bílastæði við heilsugæslu. Kennarar ganga úr skugga um að allir nemendur þeirra hafi yfirgefið skólann með því að endurtaka nafnakall. Ef nemandi vantar skal koma boðum til skráningaraðila.
8. Í öllum skólastofum hangir uppi kort yfir rýmingarleið, ásamt gátlista fyrir starfsfólk. Rýmingaráætlun, ásamt nafnalista nemenda og starfsfólks er hjá viðvörunarkerfi í aðalanddyri á jarðhæð (austan megin).

Haustið 2025 verður rýmingaráætlunin æfð með nemendum og starfsmönnum en rýmingaráætlunin verður kynnt og rædd á fundi með starfsmönnum í október 2025.

Gátlisti skólaliða og starfsfólks á göngum

1. Leitið ykkur upplýsinga um eldsupptök og hvaða rýmingarleið á að fara.
2. Rýmið almenn svæði á hverri hæð.
3. Koma skal nöfnum þeirra sem fylgt er út til skráningaraðila.
4. Aðstoðið kennara við að koma nemendum út ef með þarf. Gætið þess að rýming hússins verði fumlaus og án troðnings.

Gátlisti kennara og starfsmanna í stofum

1. Skoðið aðstæður og veljið rýmingarleið.
2. Gangið með börnin þá leið út sem valin hefur verið að söfnunarsvæði á skólavellinum (til vara bílastæði við heilsugæslu).
3. Komið nöfnum þeirra sem vantar í hópinn til skráningaraðila.
4. Gerið nafnakall aftur þegar komið er út á söfnunarsvæði og staðfestið talningu til skráningaraðila.
5. Gætið þess að rýming hússins verði fumlaus og án troðnings.

Helstu símanúmer

Skólastjóri GF	4759225
Aðstoðarskólastjóri GF	4759226
Bóksafn	4759216
Skólastjóri - TFS	4759235
Kennaraherbergi	4759222
Skólastjóri Kærabæjar	4759255
Slökkvilið Fjarðabyggðar, aðalvaktstöð	470-9080

Neyðarnúmer 112